

Sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps  
Árnesi  
801 Selfoss

Vestra-Geldingarholt, 19. maí 2017

### **Efni: Umsókn um svæði til ferðaþjónustu í Þjórsárdal**

Með vísan til auglýsingu Skeiða- og Gnúpverjahrepps, um svæði til ferðaþjónustu í Þjórsárdal, sem birtst í Dagskrá, þann 11. maí sl., sækja undirrituð um umrætt svæði til uppbyggingar á ferðaþjónustu við Reykholt í Þjórsárdal.

#### *Greinargerð:*

Umsækjendur vilja byrja á að koma fram alvarlegum athugasemdum við skamman umsóknarfrest.

Í hópi umsækjenda er fólk sem hefur umtalsverða þekkingu á svæðinu við Reykholt í Þjórsárdal, reynslu af rekstri ferðaþjónustu og þekkingu á náttúru- og umhverfismálum. Leitast verður við að leita ráða hjá sérfræðingum á sviði náttúru- og skipulagsfræða til að stuðla að því að framkvæmdir verði í sem mestri sátt við náttúru og umhverfi. Einnig verður haft að leiðarljósi að allar framkvæmdir verði á þann veg að hægt væri að færa svæðið í samskonar horf aftur. Fyrirhugaðar framkvæmdir yrðu gerðar í samráði við íbúa og þjónustuaðila á svæðinu til að ná sem mestri sátt um aðgerðir. Sú sýn sem verður höfð í hávegum er að framkvæmdir styðji við aðra ferðaþjónustu á svæðinu og verði opin öllum almenningi. Stikaðar verði áhugaverðar gönguleiðir út frá svæðinu til að auka fjölbreytni í staðavali og til að létta á viðkvæmum náttúruperlum í Þjórsárdalnum.

Umsækjendur eru opnir fyrir samstarfi við leigjendur Þjórsárdalslaugar um uppbyggingu og þjónustu á svæðinu.

Umsækjendur hafa áhugasama og fjársterka aðila til að koma að verkefninu ef ástæða er til, allt eftir eðli þess. Umsækjendur vilja greiða leigu fyrir svæðið í samræmi við hagnaðarmöguleika af rekstri þess.

Þá óska umsækjendur eftir fundi með sveitarstjórn til að kynna áform sín frekar og reikna enn fremur með að senda viðbótarupplýsingar á síðari stigum.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllst,

Josefine Denami, 181286-3699, Vestra-Geldingarholti

Sigfús Brynjar Sigfússon, 020181-3119, Vestra-Geldingarholti

Anna Sigríður Valdimarsdóttir, 031081-5999, Stóra-Núpi

Gunnar Sigfús Jónsson, 070385-2529, Stóra-Núpi

Valdimar Jóhannsson, 200351-3399, Stóra-Núpi.